

Hrossarækt:

Hryssur sem hlutu heiðursverðlaun haustið 2022

– Fyrri hluti: Hryssur í 1.–9. sæti

Hið alþjóðlega kynbótamat fyrir íslenska hestinn var reiknað eftir alla dóma ársins í lok október 2022 og birt í WorldFeng. Þar kom í ljós að 20 hryssur á Íslandi hlutu heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þetta eru mun fleiri hryssur en almennt er að hljóti slík verðlaun á einu ári en skýringuna er helst að finna í breyttum útreikningi á kynbótamati.



Halla Eygló Sveinsdóttir.



Elsa Albertsdóttir.

Kynbótamatið er í stöðugri þróun og á síðasta ári varð sú breyting á útreikningi að hætt var að leiðrétta fyrir umhverfisáhrifum sýningarárs. Sú breyting gerði það að verkum að röðun hrossa í kynbótamatinu breyttist töluvert á alþjóðlegum grunni en hélt sér að mestu innan landa. Þróun á kynbótamatinu er langt komin en næsta skref verður að bæta við því að kynbótamat verði reiknað á grunni keppnisgagna auk gagna frá kynbótasýningum eins og er gert í dag. Það er mikilvægt að endurmeta þau lágmark sem gilda fyrir afkvæmaverðlaun verði mikil breyting á niðurstöðum við mismunandi skref í þróun matsins. Í dag þarf hryssa að eiga að lágmarki fimm dæmd afkvæmi og vera með 116 stig í kynbótamati ýmist fyrir aðaleinkunn eða fyrir aðaleinkunn án skeiðs til að hljóta viðurkenningu fyrir afkvæmi. Af þeim 20 hryssum sem hlutu verðlaun fyrir afkvæmi árið 2022 voru 4 sem ná viðmiðinu 116 fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Röðun hryssna fer eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn, ekki eftir kynbótamati fyrir aðaleinkunn án skeiðs. Hér á eftir og í næsta blaði verður fjallað um þessar hryssur og dómsorð afkvæma.

Elísa frá Feti

Efsta hryssan árið 2022, og þar með Gleitubikarhafinn, er Elísa frá Feti. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Gusti frá Hóli og Þernu frá Feti. Ræktandi Elísu er Guðmundur Friðrik Björgvinsson en eigendur eru Takthestar ehf. og John Sörensen.

Elísa er með 126 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 12 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Elísa frá Feti gefur hross í meðalstærð. Höfuðið er með vel opin augu og vel borin eyru en kjálkar eru stundum djúpir. Hálsinn er reistur við háar herðar með góða yfirlínu. Bakið hefur jafnan góða yfirlínu og er vöðvafyllt líkt og lendin. Samræmið er hlutfallrétt og fótahátt. Fætur eru þurrir en útskeifir og nágegngir að framan. Hófar eru efnisgóðir og þrúðleiki meðalgóður. Afkvæmin eru alhliðageng með skrefgott og taktgreint tölt. Brokkið er fremur skrefmikið og taktgott líkt og skeiðið. Stökkið er afar gott, hátt og taktgreint og hæga stökkið er svifgott. Fetið er taktgott með góða skreflengd. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaburði.

Elísa gefur reist og samræmisgóð hross með góða yfirlínu. Þau eru viljug, skrefmikil með góð gangskil og fótaburð. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fyrsta sætið.

Æsa frá Flekkudal

Hryssan í öðru sæti er Æsa frá Flekkudal. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Orra frá Þúfu og Pyttlu frá Flekkudal. Ræktandi hennar er Guðný Ívarsdóttir en eigendur eru Guðný Ívarsdóttir og Sigurður Sigurðarson. Æsa er með 127 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Æsa frá Flekkudal gefur stór hross. Höfuðið er með vel opin augu og vel borin eyru en ekki finlegt. Hálsinn er reistur við háar herðar en getur verið djúpur. Bakið er fremur breitt og lendin öflug en stundum gróf. Samræmi er hlutfallrétt og fætur þurrir með öflugar sínar en geta verið nágegngir. Hófar eru afar góðir með hvelfdan botn og efnismiklir, þrúðleiki er alla jafna góður. Afkvæmin eru til



Gréta frá Feti.

Mynd / Aðsend



Píla frá Syðra-Garðshorni.

Mynd / Aðsend



Glæða frá Þjóðólshaga 1.

Mynd / KollaGr



Hrönn frá Búlandi.

Mynd / Aðsend

helminga alhliðageng eða klárhross. Töltið og hæga töltið er mjög gott og jafnan skrefmikið með góðum fótaburði. Gæði brokksins getur brugðið til beggja átta allt frá því að vera sámið og upp í það að vera úrvagsott en að uppistöðu er það skrefgott með góðri lyftu. Ef skeiðgeta er til staðar er hún ekki mikil. Stökkið er skrefmikið og lyftingargott og hæga stökkið taktgreint og svifgott. Fetið er líkt og brokkið afar misgott en er oftast skrefmikið og taktgreint.

Æsa frá Flekkudal gefur framfalleg og samræmisgóð hross sem eru sterkari á klárganginn. Afkvæmin fara vel í reið með góðum fótaburði og hafa góða framhugsun og eru samstarfsfús. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og annað sætið.

Hnota frá Stuðlum

Hryssan í þriðja sæti er Hnota frá Stuðlum. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Orra frá Þúfu og Þernu frá Arnarhóli. Ræktendur og eigendur hennar eru Edda Björg Ólafsdóttir og Páll Stefánsson. Hnota er með 124 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 8 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.



Elísa frá Feti, efsta hryssan árið 2022 ásamt afkvæmi og ræktanda sínum.

Mynd / Aðsend



Hnota frá Stuðlum.

Mynd / Eiofaxi

Dómsorð afkvæma: Hnota frá Stuðlum gefur fremur stór hross. Höfuðið er fínlegt og skarpt með beina neflínu. Hálsinn er langur, mjúkur og hátt settur. Bakið er fremur breitt og lendin öflug en yfirlína í baki er misgóð. Samræmi einkennist af jöfnum hlutföllum og fótahæð. Fótagerð er afar góð, fætur þurrir með öflugar sínar og fremur góð sinaskil en geta verið nágegngir að framan og aftan. Hófar eru efnismiklir og traustir en þrúðleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru ýmist alhliðageng eða klárhross með afar góðu tölti.

Töltið og hæga töltið er mjög gott, taktgreint, mjúkt með góðri lyftu og jafnan skrefmikið með miklum fótaburði. Sé skeið fyrir hendi er það taktgreint og öruggt. Stökkið er ferðmikið með góðri fótlyftu og hæga stökkið er jafnvægisgott og taktgreint. Fetgæðin eru misjöfn bæði hvað varðar skreflengd og framtak. Afkvæmin eru ásækin í vilja en þjál og fara afar vel í reið, reist með miklum fótaburði.

Hnota frá Stuðlum gefur framfalleg og myndarleg hross með afar góða fætur. Þau eru ásækin í vilja með fallega framgöngu. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og þriðja sætið.



Álfarún frá Halakoti.

Mynd / Aðsend

Hrönn frá Búlandi

Hryssan í fjórða sæti er Hrönn frá Búlandi. Hún er undan Smára frá Skagaströnd og Heklu frá Efri-Rauðalæk. Ræktandi hennar er Björgvin Daði Sverrisson og eigendur eru Björgvin Daði Sverrisson og Helena Ketilsdóttir. Hrönn er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 13 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Hnota frá Búlandi gefur hross í meðallagi að stærð. Höfuðið er fremur skarpt en merarskálur gætt stundum. Hálsinn er reistur og hátt settur. Bak og lend er vöðvafyllt en baklína mætti stundum vera hærri. Afkvæmin eru hlutfallrétt og sívalvaxin með meðalgóða fætur sem eru fremur réttir. Hófar eru efnismiklir með hvelfdan botn og þrúðleiki er í tæpu meðallagi. Afkvæmin eru flest



Stilla frá Litlu-Brekku.

Mynd / Aðsend



Æsa frá Flekkudal.

Mynd / Aðsend

alhliðageng með taktbreint og rúmt skeið. Töltilið er afar gott, taktbreint, mjúkt og skrefmikið með góðri lyftu, sama má segja um hægt tölt. Brokk og stökk er taktbreint, skrefmikið og lyftingargott og hæga stökkið jafnan gott. Fetgæðin eru misjöfn en fetið er taktbreint en skreflengd getur brugðið til beggja átta. Afkvæmin hafa fasmikla framgöngu með góðum höfuðburði og miklum fótburði, þau eru ásækin og þjál í vilja. Hrönn frá Búlandi gefur reist og framfallg hross með sívalt og hlutfallgott samræmi. Afkvæmi eru taktbreint, skrefmikil og með góðan fótburð. Þau fara afar vel í reið með þjál og ásækin vilja. Hún hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi og fjórða sætið.

Álfarún frá Halakoti

Hryssan í fimmta sæti er Álfarún frá Halakoti. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Álfasteini frá Selfossi og Oddrúnu frá Halakoti. Ræktendur hennar eru Góðhestar ehf. en eigandi er Svanhvít Kristjánsdóttir. Álfarún er með 121 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 8 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Álfarún gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð er svipgott. Hálsinn er langur og með góðri yfirlínu. Bak vöðvafyllt og lend öflug. Afkvæmin eru fótahá og sívalvaxin. Fótagerðin er öflug, góð sinaskil og öflugar sínar. Framfætur oft snúnir. Hófar góðir. Þrúðleiki oft heldur slakur. Tölt og brokk er taktbreint, skrefmikið og með góðri fótlyftu. Eitt klárhross er í hópnun en þegar skeið er fyrir hendi er það skrefmikið og oftast taktbreint. Fetið

er skrefmikið og taktbreint. Afkvæmin eru viljug og þjál og fara vel í reið með miklum fótburði.

Gréta frá Feti

Hryssan í sjötta sæti er Gréta frá Feti. Hún er undan heiðursverðlaunahrossunum Þristi frá Feti og Gerðu frá Gerðum. Ræktandi hennar er Brynjar Vilmondarson en eigandi er Fet ehf. Gréta er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 12 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Gréta gefur smá hross. Höfuð oft, heldur gróft en eyrun vel borin. Hálsinn langur og reistur. Bakið vöðvafyllt og lendin öflug en tvö afkvæmanna hafa framhallandi bak. Afkvæmin hafa sívalan bol. Fótagerð afar breytilega allt frá því að vera slök upp í úrvals góð. Réttleiki heldur slakur en flest afkvæmanna eru nágeng aftan. Hófar góðir. Þrúðleiki breytilegur. Töltilið er taktbreint, skrefmikið, rúmt og með góðri fótlyftu, með einni undantekningu þó. Brokkið er breytilegt og sama má segja um skeiðið.

Tveir vekringar er í hópnun, eitt klárhross og tvö sýna lítið skeiðöryggi. Stökkið er rúmt. Fetið oft frekar slakt, með einni undantekningu þó. Gréta gefur yfirlétt ásækin hross sem fara vel í reið með góðum fótburði.

Píla frá Syðra-Garðshorni

Hryssan í sjöunda sæti er Píla frá Syðra-Garðshorni. Hún er undan heiðursverðlaunahestinum Adam frá Ásmundarstöðum og Kleópötru frá Nýjabæ.

Ræktandi hennar er Ingólfur Kristjánsson en eigendur eru Kristján Tryggvi Jónsson, Mette Camilla Moe Mannseth og Ingólfur Kristjánsson. Píla er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 11 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Píla gefur hross í rúmu meðallagi að stærð. Höfuð fremur svipgott, eyru oftast fínleg en eitt afkvæmanna er með krummanef. Hálsinn er mjúkur og reistur. Baklína góð og lendin yfirlétt jöfn.

Samræmið er glæsilegt og einkennist af fótahæð, jöfnum bol og réttum hlutföllum. Fótagerð og réttleiki allgóður, sinaskil þó stundum lítil og framfætur snúnir. Hófar efnistraustir. Þrúðleiki góður. Töltilið er taktgott, skrefmikið og með hárra fótlyftu. Brokkið er taktbreint og skrefmikið.

Skeiðgeta ekki mikil, tvö afkvæmanna sýna ekki skeið, tvö rétt tæpa á skeiði en eitt skeiðar þokkalega. Stökkið er skrefmikið og yfirlétt rúmt. Fetið er misgott. Píla gefur þjál og samstarfsfús afkvæmi sem fara vel í reið með miklum fótburði og góðri reisingu.

Glæða frá Þjóðólfshaga 1

Hryssan í áttunda sæti er Glæða frá Þjóðólfshaga 1. Hún er undan Kjarna frá Þjóðólfshaga 1 og Glóð frá Hömluholti. Ræktendur og eigendur hennar eru Sigurður Sigurðarson og Sævar Haraldsson.

Glæða er með 120 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 10 afkvæmi og hafa 6 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Glæða gefur hross yfir meðallagi að stærð. Höfuð er skarpt. Hálsinn reistur og yfirlétt hátt settur, með háum herðum og klipinni kverk. Bakið er burðarmikið og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt og sívalvaxin. Fótagerð og réttleiki er misgóður, stundum þrúðilegur en stundum í meðallagi. Hófar efnistraustir. Þrúðleiki slakur, með einni undantekningu þó. Töltilið er taktgott, ferðmikið með góðum fótburði. Brokkið er aðeins misjafnt en oftast taktbreint með góðri skreflengd og fótburði. Skeiðgeta breytileg, tvö afkvæmanna sýna ekki skeið en tvö þeirra eru vel vökur. Stökkið er taktgott með góðu skrefi og fótburði. Fet oft skrefstutt. Glæða gefur viljug og þjál afkvæmi sem fara vel í reið með miklum fótburði.

Stilla frá Litlu-Brekku

Hryssan í níunda sæti er Stilla frá Litlu-Brekku. Hún er undan Gígjari frá Auðsholtshjáleigu og Syrpu frá Ytri-Hofdölum. Ræktendur og eigendur hennar eru Jónína Garðarsdóttir og Vignir Sigurðsson. Stilla er með 119 stig í kynbótamati fyrir aðaleinkunn en hún á 11 afkvæmi og hafa 5 þeirra hlotið kynbótadóm.

Dómsorð afkvæma: Stilla gefur hross undir meðallagi að stærð. Höfuð lýtalaust með beinni neflínu. Hálsinn er grannur, mjúkur og með háum herðum. Baklína góð og lendin öflug. Afkvæmin eru hlutfallarétt en fótahæð er misjöfn, tvö afkvæmanna eru fótalág. Fætur eru þurrir og sínar öflugar. Réttleiki góður, afturfætur þó stundum nágengir. Hófar efnistraustir og vel lagaðir. Þrúðleiki breytilegur. Töltilið er úrval, taktbreint, rúmt, með miklu framgripi og góðri fótlyftu. Brokkið er taktbreint. Skeiðgeta misjöfn, þrjú afkvæma Stillu eru ágætlega vökur. Stökkið er rúmt en stundum skortir svif á hægu stökki. Fet er taktbreint en frekar skrefstutt. Stilla gefur viljug, þjál og samstarfsfús hross sem fara vel í reið með góðri reisingu og falgum fótburði.

RML sendir ræktendum og eigendum þessara hryssna innilegar hamingjuóskir. Mikil vinna liggur að baki þessum mikla árangri sem er ómetanlegt fyrir ræktunarstarfið.

Ef ræktendur tækju ekki þátt í kynbótasýningum hefðum við engan grunn til að byggja kynbótamatið á. Það er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því hvað þetta sameiginlega starf við skýrsluhald og sýningarhald hefur mikið að segja fyrir hrossaræktina í heild sinni. Í því samhengi má ekki gleyma mikilvægi WorldFeng sem heldur utan um allar þessar upplýsingar.

Um fjöllum um heiðursverðlaunahryssur í sætum tíu til tuttugu verða í næsta tölublaði Bændablaðsins.

Halla Eygló Sveinsdóttir
Elsa Albertsdóttir,
ráðunautar í hrossarækt.



Hilltip Icestriker 900–1600L
Salt og sanddreifari í tveimur stærðum fyrir stóra pallbíl og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380–550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíl. Rafdrifinn 12V.




Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjöplógur fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótonn fyrir pallbíl, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 165–240 cm breidd.



Hilltip Fjöplógur MVP
Fjöplógur fyrir ameríska pallbíl t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is